

Opið hús 16. janúar 2010

að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 10 til 12

Bjarni Þór Kristjánsson verður með sýnikennslu í brýningu skurðjárna. Sagt er að enginn geti brýnt nema sá sem er góður að segja ósatt. Bjarni Þór mun afsanna þessa kenningu með því að segja okkur satt um brýningu.

Félagi góður!

Ef þú lumar á hugmynd, teikningum eða hefur áhuga á að taka þátt í verkefnum félagsins væri gott að vita af þér. Alltaf er þörf á teikningum, myndum og frásögnum fyrir Brýnið og eins til að setja á heimasíðuna.

Opið hús 12. desember 2009

Bjarni Þór Kristjánsson sýndi og kenndi tágun jólasveina í trátgreinar.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1. töl. 15. árgangur 2009

Frá formanni



Ellen Marie Magerøy – áður Ellen Marie Olsen fæddist 4. febrúar 1918 - var norskur listfræðingur, lengi fyrsti safnvörður við embætti Þjóðminjavarðar í Osló. Hún var einkum þekkt fyrir rannsóknir sínar á íslenskum útskurði og íslenskum drykkjarhornum frá fyrri öldum, en fékkst einnig við norska skurðlist og listasögu.


Doktorsritgerð Ellen Marie “Planteornamentikken i Islandsk treskurd”- frá árinu 1967 í tveim bindum (textabók og myndabók) er hafsþór af fróðleik um tréskurð allt frá landnámi. Ellen Magerøy lést 11. desember s.l. Nafn hennar og starf mun verða tengt íslenskum tréskurði um ókominn tíma. Væntanlega verður fjallað betur um þessa merku konu seinna á þessum vettvangi.

Næsta opna hús verður með brýningu skurðjárna. Bjarni Þór Kristjánsson mun leiða okkur í gegnum það ferli. 16. janúar varð fyrir valinu þó svo sá 9. hefði frekar verið eftir bókinni (annar laugardagur í mánuði) en formanni fannst það of nálægt áramótum og taldi að félagar væru e.t.v. ekki allveg komnir í gang eftir hátíðirnar.

Þetta Brýni sem þú hefur núna er sögulegt að því leyti að það verður það fyrsta þar sem nokkrir félagsmenn fá sendan tölvupóst með PDF-Brýni, þ.e. Brýnið verður sent í tölvutæku formi og sá sem tekur á móti getur lesið á skjánum og/eða prentað út. Póstkostnaður er í dag einn stærsti kostnaðarliður hjá okkur og vert að ná honum niður.

Það er ósk og von formanns að þið eigið framundan góðan skurð-vetur og vor.

Með bestu kveðjum, Sigurjón



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Pósthólf nr. 6, 270 Mosfellsbæ
Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstjórn er stjórn félagsins Ábm. Björn Bergsson



Sigga á Grund fær fálkaorðuna.

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir eða Sigga á Grund eins og hún er jafnan kölluð var ein af þeim tíu Íslendingum sem forseti Íslands veitti riddarakross íslensku fálkaorðunnar á nýársdag. Sigga er fædd 30. maí 1944 og alin upp í Villingaholti. Aðeins 12 ára var hún farin að skera út eftir pöntun en Sigga hefur verið jafnvíg á horn (sbr. spónasmíði hennar) og tré. Hún stundaði tréskurðarnám einn vetur við hinn virta skóla City and Guilds Art School í London.




Hún og maður hennar, Ómar Breiðfjörð vélstjóri, settust að á Grund árið 1972. Sigga hefur löngum heillast af dýrum og sér þess víða stað í verkum hennar. Hún hefur haldið fjölmargar sýningar og er hún löngu orðin landskunn fyrir list sína. Í sýningarsalnum Tré og list í Forsæti III í Flóa eru verk hennar til sýnis.

(Myndir af verkum hennar eru teknar af vef “Tré og list”. Höfundur texta Björn Bergsson)



Bólu-Hjálmar og vísur um tréskurð



Bólu-Hjálmar (29. september 1796–25. júlí 1875) eða réttara sagt Hjálmar Jónsson var fæddur á Hallandi í Eyjafirði. Hann var m.a. bóndi á bænum Bólstaðargerði sem var hjáleiga frá bænum Uppsölum í Skagafirði. Honum þótti nafnið langt og stytta það í Bólu sem hann var jafnan kenndur við síðan. Bólu-Hjálmar byrjaði ungur að setja saman vísur og er óhætt að segja að með honum hafi alþýðukveðskapur risið hærra en nokkru sinni fyrr. Hann skar listavel út þótt hann væri ólærður og hafa varðveist eftir hann margir fagurlega útskornir gripir. „Að hætti miðaldarmanna merkti

hann sér ekki verk sín nema örsjaldan.“

(Hagleiksverk Hjálmars í Bólu eftir Kristján Eldjárn.)

Þó Bólu-Hjálmar væri mjög fær tréskeri er þó ekki margt að finna í kveðskap hans um eigin hagleiksverk.

*Handverks nafn að hræsna með
hlaut eg ei né lærði,
mig og fátæk börn á beð
búkarls hnauki nærði.*

Í kvæðinu Raupsaldurinn sem hann orti síðasta ár ævi sinnar má þó finna þessi erindi um handverkið hans;

*Telgdi ég forðum tré með egg,
teygði járn og skírði.
Fjölris brúðar skóf af skegg
skeið á vatni stýrði.*

Hjálmar hefur sennilega verið að hugsa um útskurð sinn frekar en ritstörf sín er hann kvað þessa alkunnu vísu.

*Blómstrum skreyta leturs lönd
líst mér ellin banni,
von er stirðni helköld hönd
hálfmíraðnum manni.*

(Myndirnar sem fylgja þessum texta eru teknar af veraldarvefnum. Höfundur texta Björn Bergsson)



*Tætti ég ull og bjó úr band,
beitti hjörð um vetur,
heitum kopar hellti í sand
hjó á fjalir letur.*

Félagar góðir, ef þið lumið á vísum um tréskurð væru þær vel þegnar. Hér koma til greina vísur eftir ykkur, eftir einhvern sem þið getið nafngreint og eins vísur sem eru eftir “ókunnan höfund”. Sendið á netfang formanns (silo@mmedia.is eða á heimasíðuna listalind.is/treskurdur